



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Sunnubraut 36 230 Keflavík Sími 92-13100, 13101 Fax 13107

186. fundur skólanefndar FS

24. júní 1994

Mættir: Sigríður Jóhannesdóttir, Guðbjörg Ingimundardóttir, Kristbjörn Albertsson, Guðjón Kristjánsson, Jón Sæmundsson, Gísli Brynjólfsson, Hjálmar Arnason, skólameistari, og áheyrnarfulltrúinn Bogi Hallgrímsson úr Grindavík.

Dagskrá:

1. Nemendaskápar.
2. Ráðning kennara.
3. Ráðning aðstoðarskólameistara.
4. Önnur mál.

Formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn. Síðan var gengið til dagskrár.

1. Nemendaskápar.

Leitað hefur verið eftir útboðum frá þremur fyrirtækjum í skápa fyrir nemendur. Ákveðið var að miða í upphafi við 200 skápa og gert er ráð fyrir að nemendur geti leigt skápa fyrir 1.000 kr. á önn. Tilboð bárust frá Ofnasmiðjunni, Bústoð og Bedco. Samþykkt að taka tilboði Bústoðar vegna þess að þeirra skápar eru af hentugri stærð en hinir og þeim fylgir masterlyklakerfi.

2. Ráðning kennara.

Þar sem forsendur fyrir ráðningu Sigurbjörns Bragasonar hafa breyst samþykkti nefndin að ráða Baldur Guðmundsson í hans stað. Alls sóttu 744 um skólavist á haustönn sem er metaðsókn að skólanum. Vegna þessa mikla fjölda þarf að bæta við kennara og samþykkti nefndin að ráða Elísabetu Karlsdóttur til að kenna sálfræði og fleiri greinar. Auk þess þarf að bæta við kennurum í stundakennslu. Í vor voru send út færri aðvörunarbréf til nemenda en áður og heildarárangur nemenda virtist betri en fyrr. Virðast aðhaldsaðgerðir vera að skila árangri.

3. Ráðning aðstoðarskólameistara.

Hjálmar bar fram eftirfarandi bókun vegna umsóknar um stöðu aðstoðarskólameistara: "Starf aðstoðarskólameistara er veitt til fimm ára í senn og skal auglýst að þeim tíma liðnum. Tvær umsóknir bárust. Eg legg áherslu á að báðir umsækjendur eru hæfir til að gegna stöðunni. Undirritaður hefur reynt að vera trúr þeirri sannfæringu sinni að eðlileg endurnýjun þurfi ávallt að eiga sér stað í öllum störfum. Ákvæði laga um framhaldsskóla, þess efnis að ráðning aðstoðarskólameistara skuli vera til fimm ára í senn, felur í sér sömu hugsun.

A þeirri forsendu mæli ég með ráðningu Oddnýjar G. Harðardóttur til að gegna starfi aðstoðarskólameistara næstu fimm árin. Ég ítreka þá skoðun að báðir umsækjendur eru hæfir til starfsins en hugmyndin um eðlilega endurnýjun skiptir sköpum í vali mínu".


Sigríður lét bóka eftirfarandi: "Ægir Sigurðsson á að baki langan og farsælan starfseril við Fjölbrautaskóla Suðurnesja, nú síðustu árin sem aðstoðarskólameistari. Ég þekki engin gild rök sem mæla gegn því að maður sem hefur gegnt starfi sínu með ágætum sé endurráðinn. Þótt lög geri ráð fyrir því að staða aðstoðarskólameistara sé auglýst á 5 ára fresti er slíkt ákvæði fyrst og fremst til þess sett að hægt sé að losna við fólk sem ekki hefur reynst vel. Ég sé engin fagleg rök fyrir því að skipt skuli um mann í þessu starfi á fimm ára fresti án tillits til þess hvernig til hefur tekist á tímabilinu. Þvert á móti tel ég mikinn feng í því að stöðu aðstoðarskólameistara gegni maður með mikla og viðtæka reynslu."

Að loknum umræðum var gengið til atkvæða og var atkvæðagreiðslan skrifleg. Niðurstaðan varð sú að Oddný G. Harðardóttir fékk 4 atkvæði, Ægir Sigurðsson fékk 1 atkvæði og einn seðill var auður.

4. Önnur mál.

- a) Jón kynnti reikninga skólasjóðs fyrir árið 1993. Þeir voru samþykktir samhljóma og lýstu nefndarmenn ánægju sinni með góða stöðu sjóðsins. Hjálmar benti á að fjármálastjórn skólans væri eins og best væri á kosið og í góðum höndum Jóns Sæmundssonar.
- b) Hjálmar minnti á að þessi fundur væri að öllum líkindum síðasti fundur þessarar nefndar. Hann þakkaði nefndarmönnum, áheyrnarfulltrúum og öðrum sem komið hafa að starfi nefndarinnar fyrir vel unnin störf. Hjálmar taldi að störf þessarar nefndar hefðu verið mjög árangursrík, t.d. varðandi húsnæðismál skólans. Sigríður þakkaði fyrir orð Hjálmars og þakkaði nefndarmönnum og starfsmönnum skólans fyrir samstarfið. Aðrir tóku undir orð Sigríðar.

Fleira ekki gert og fundi slitið.


Sigríður Jóhannesdóttir,
formaður


Guðmann Kristþórsson,
fundarritari